

## Stigakerfi í Skeet

Nýtt stigakerfi í Skeet kemur í stað keppni til Bikarmeistara og er stigahæsti skotmaðurinn í hverjum flokki skotmaður ársins í sinni grein. Þetta nýja kerfi er unnið úr sambærilegum stigakerfum sem eru í notkun víða um heim og aðlagð íslenskum aðstæðum. Þau kerfi hafa sannað sig sem hvetjandi þáttur í íþróttastarfi og traustur mælikvarði á árangur.

Flokkar eru: Karlar, Konur, Unglingar Karlar og Unglingar Konur. Tímabilið er frá fyrsta janúar til fyrsta desember hvers árs. Fimm bestu árangrar hvers íþróttamanns úr undankeppni „125“ telja á listann. Kerfið er ekki til samanburðar á milli flokka eða greina þar sem gildi eru misjöfn heldur til að meta árangur til vals á skotmanni ársins í hverjum flokki fyrir sig. Samskonar kerfi verður sett upp fyrir aðrar Ólympískar skotgreinar sem eru stundaðar innan vébanda STÍ. Nú í fyrstu útgáfu verða kynntir flokkar karla og kvenna síðan í beinu framhaldi flokkar unglunga karla og kvenna.

Ákveðin mót gefa aukastig á stigalista ef að lágmarki er náð: 110 í karlaflokki, 100 í flokki kvenna og unglunga karla, 90 í flokki unglunga kvenna.

A: Ólympíuleikar og Heimsmeistaramót + 8 stig

B: Evrópuleikar, Evrópumeistaramót, Heimsbikarmót og Íslandsmeistaramót + 6 stig

C: Grand Prix mót sem hafa keppendur frá fjórum eða fleiri löndum sem eru aðilar að ISSF + 4 stig

Dæmi: Skor á Heimsbikarmóti 116 = 7 stig + 6 stig = 13 stig

Ef að skotmenn í sama flokki eru jafnir að stigum í lok tímabils ræður hæsti stigafjöldi í einstöku móti niðurröðun, ef að skotmenn eru enn jafnir þá næst hæsti stigafjöldi o.s.f.v. ef stigafjöldi er sá sami í öllum mótum ræður niðurtalningakerfi ISSF.